



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2006


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um embætti landlæknis, 273. mál, heildarlög**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um embætti landlæknis, mál nr. 273. ÖBÍ fagnar almennt þeim breytingum sem fram koma í frumvarpinu og miða að því að auka m.a. gæði heilbrigðisþjónustu.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um embætti landlæknis en þar segir að starfrækja skuli *embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með það að markmiði að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að heilbrigði landsmanna*. Af hálfu ÖBÍ er nauðsynlegt að tryggja eftirlit og símat á heilbrigðisþjónustu með virkri þátttöku notenda. Fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið að megintilgangur frumvarpsins sé m.a. að skerpa á hlutverki landlæknisembættisins sem eftirlits- og stjórnsýslustofnunar. Að mati ÖBÍ eru þær tillögur sem fram koma í frumvarpinu ekki til þess fallnar að styrkja sjálfstæði embættisins. ÖBÍ leggur áherslu á sjálfstæði embætti landlæknis í stjórnsýslunni til að tryggja hlutleysi í kæru og kvörtunarmálum notenda heilbrigðisþjónustu. Til að svo megi verða þarf embættið að vera sjálfstætt og óháð framkvæmdavaldinu.

Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um hlutverk landlæknis við gerð áætlana um gæðapróun innan heilbrigðisþjónustunnar. ÖBÍ vill í þessu sambandi vísa til atriða sem fram koma í sameiginlegri skýrslu ÖBÍ, Landssambands eldri borgara og Landssamtakanna Þroskahjálpar, „*Eitt samfélag fyrir alla – hugmynd að betra samfélagi*“ þar sem vísað er til aðgengis að góðri heilbrigðisþjónustu. Skipulag þjónustu þarf að miðast við „notandann í fyrirrúmi“ sem fullgildan þátttakanda. ÖBÍ leggur áherslu á að í lögum um embætti landlæknis verði gert ráð fyrir virku samstarfi við heildarsamtök notenda og að haft verði samráð við þau um gerð áætlana um gæðapróun innan heilbrigðisþjónustunnar.

Virðingarfyllt,  
f.h. ÖBÍ

  
Hafdis Isladóttir  
framkvæmdastjóri